

Áfangalýsing:

Frumkvöðlafræði er hugsuð sem þriggja anna samhangandi ferli. Nemendur einblína á þann auð sem er í nærumhverfinu og eiga að reyna að finna nýjan vinkil á stofnun fyrirtækis með sjálfbærni og vöxt sem markmið. Nemendur kanna allar hliðar fyrirtækjargerðar, allt frá hugmynd og viðskiptaáætlun til markaðssetningar, markhóps og framkvæmdar.

Þessi áfangi er hluti af samnorrænu verkefni sem er unnið í samvinnu við framhaldsskóla í Noregi og tvo í Finnlandi.

Meginmarkmið er að nemendur læri um ferlið að hrinda hugmynd í framkvæmd og forðast þau mistök sem frumkvöðlum verða oft á, læra að þekkja markaðstækifæri og mögulega ónýtt tækifæri í nær umhverfi okkar og koma með hugmyndir um nýtingu og verðmætasköpun út með sjálfbærni í huga, aukna færni í mannlegum samskiptum og að vinna út frá auðnum í umhverfinu. Áfanginn snýst um frumkvöðlafræði, viðskiptafræði, markaðssetningu, læsi á umhverfi, skilning á sjálfbærni og tengslamyndun.

Markmið:

Pekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

Viðfangsefnum og hugtökum frumkvöðlafræðinnar sem tengjast námsefninu, t.d.

- þróun viðskiptahugmyndar,
- áætlanagerð og verkefnastjórnum,
- skapandi hugsun,
- markaðssetning og tíðarandagreining,
- stjórnun og leiðtogaþættir,
- gerð viðskiptaáætlunar,
- sjálfbærni.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita algengustu hugtökum frumkvöðlafræðinnar á skýran og skilmerkilegan hátt,
- afla fjölbreyttra gagna,
- vinna sjálfstætt og gagnrýnið með efni áfangans,
- lesa og skilja umfjöllun um frumkvöðlafræði, markaðsfræði og nýsköpun,
- geta beitt öguðum vinnubrögðum, tekið ábyrgð á eigin námi og unnið í samvinnu við aðra,

- tjá sig í ræðu og riti um samfélagsleg og markaðstengd málefni.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig skipulega og gagnrýnið um einstaka efnisþætti,
- geta tekið þátt í umræðum um málefni áfangans og myndað sér skoðanir sem byggjast á gagnrýnni hugsun og öflun gagna,
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér þær,
- geti hagnýtt Netið til að afla sér þekkingar, markaðstækifæra og tengsla,
- tjá sig skipulega og gagnrýnið um samfélagsleg álitamál, frumkvöðlatækifæri og sjálfbærni,
- geta áttað sig á og nýtt sér ferlið við gerð viðskiptaáætlunar og nýtingu markaðstækifæra

Vorönn 2017:

Í lok apríl fer hópur nemenda til Ulvila í Finnlandi og hittir nemendur frá Noregi og Finnlandi. Í Ulvila eiga nemendur frá hverju landi að kynna fyrirtæki og hugmynd sína með 10 mínútna langri kynningu. Í Ulvila eiga nemendur einnig að sýna 5 mínútna langt viðtal við aðila sem þekkir fyrirtækjarekstur í þeirri grein sem fyrirtæki nemenda fellur undir.

Kennsluefni:

Engin sérstök kennslubók er tilgreind en kennrarar koma með ábendingar um lesefni eftir því sem áfanganum vindur fram.

Kennrarar:

Ingunn Helgadóttir og Þórey Hilmarsdóttir